

Nd.

439. Nefndarálit

[56. mál]

um frv. til laga um fjáröflun til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaup-
túnum o. fl.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur eigi orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Mun minni hl. (GPG) skila sérstöku álit, en meiri hl. tekur þetta fram:

Í frv. eru settar fram reglur um það, með hverjum hætti flm. telja bezt komið af opinberri hálfu til móts við einstaklinga og sveitarfélög að því er varðar bygg-
ingar íbúðarhúsa í þéttbýli.

Það mun flestum ljóst vera, að mikill vandi er að höndum borinn, þar sem eru íbúðarhúsabyggingarmál bæjanna, og eigi síður hitt, að þeim vanda verður að greiða úr svo fljótt og örugglega sem unnt er. Þegar til stjórnarsamstarfs var gengið á síðastl. hausti, gerðu stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar með sér málefnasam-
ning, þar sem þessi mál eru talin meðal þeirra verkefna, sem þeir og ríkisstjórnin telja sér skylt að leysa, eða eins og þar greinir, að tryggt verði aukið fjármagn til íbúðarhúsabygginga í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, sérstök áherzla verði lögð á hvers konar fyrirgreiðslur aðrar um slíkar byggingar og lagður grundvöllur að lausn þessa vandamáls til frambúðar. Í samræmi við þessa stefnuyfirlýsingu vinnur ríkisstj. nú að þessu mikilvæga verkefni, þó að ekki hafi henni enn unnizt tími til að búa tillögur sínar í hendur Alþingis þess, er nú situr.

Af þessum sökum þykir meiri hl. nefndarinnar eigi tímabært, að Alþingi taki að svo stöddu afstöðu til frv. heldur eðlilegast, að ríkisstjórnin fá það til athugunar.

Leggur meiri hl. þannig til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 4. marz 1954.

Björn Björnsson,
form., frsm.

Kjartan J. Jóhannsson,
fundaskr.
Páll Þorsteinsson.

Jónas G. Rafnar.